



Mennta og menningarmálaráðuneyti  
B.t. mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík 17. janúar 2022

### **Efni: Menntun barna á tímum kórónuveirufaraldurs**

Umboðsmaður barna hefur fengið mikið af ábendingum og fyrirspurnum um rétt barna sem sæta sóttkví eða einangrun, til menntunar. Snúast ábendingarnar fyrst og fremst um tilhögun náms á meðan sóttkví/einangrun stendur.

Er það mat umboðsmanns að hætta sé í einhverjum tilvikum á að börn dragist aftur úr námi, þá sérstaklega, ef börn þurfa að sæta endurtekinni sóttkví eða einangrun. Þá eru einnig dæmi um að foreldrar haldi börnum sínum heima í verndarsóttkví, þar sem börnin sjálf eða fjölskyldumeðlimur eru í áhættuhópi, í því skyni að varna því að smit berist inn á heimilið. Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns barna eru viðbrögð skólanna afar mismunandi, en brýnt er að veita skólum leiðbeiningar, tryggja samhæfð viðbrögð og virða rétt barna til menntunar, líkt og kveðið er á um í 13. gr. laga, nr. 91/2008, um grunnskóla og 28. gr. laga, nr. 13/2019, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Þá virðist í flestum tilvikum vera gott samstarf milli foreldra barna og skóla um tilhögun náms barnsins á meðan það getur ekki sótt skóla. Umboðsmanni barna hafa þó borist ábendingar frá mörgum foreldrum þar sem fram kemur að þeir hafi þurft að eiga frumkvæði að samskiptum og samstarfi um nám barnsins í slíkum aðstæðum.

Þá hafa skólar hagað fjarvistaskráningum vegna sóttkvíar eða einangrunar með afar mismunandi hætti. Í einhverjum tilfellum hefur fjarvera nemenda verið skráð sem fjarvera tengd faraldrinum. Aðrir skólar hafa skráð slíkar fjarvistir sem almenn veikindi eða jafnvel leyfi. Að mati umboðsmanns barna er bagalegt að skráning fjarvista nemenda vegna faraldursins hafi ekki verið samræmd, enda um mikilvægar upplýsingar að ræða, sem gefa vísbendingar um þann fjölda barna sem mun þurfa á auknum stuðningi við áframhaldandi nám sitt að halda. Langar fjarvistir úr skóla auka jafnframt líkurnar á félagslegri einangrun barna.

Í samskiptum við ráðuneytið á síðustu misserum hefur umboðsmaður barna ítrekað bent á mikilvægi þess að gripið verði til markvissra aðgerða til þess að bregðast við skólaförðun, en

samkvæmt könnun sem framkvæmd var meðal skólastjórnenda árið 2019, má áætla að um 2,2% grunnskólanema glími við skólaforðun. Samkvæmt e- lið 1. mgr. 28. gr. Barnasáttmálans er m.a. sú skylda lögð á stjórnvöld að grípa til ráðstafana til að draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Það er því lykilatriði að veita börnum góðan stuðning og þjónustu í grunnskóla og að sérstakt mat sé lagt á þörf barna fyrir stuðning í námi eftir langa fjarveru. Auk þess má gera ráð fyrir einhverjum skerðingum á staðnámi í framhaldsskólum á næstu mánuðum og virðist vera afar mismunandi hvernig framhaldsskólar koma til móts við þá nemendur sem lenda í sóttkví eða einangrun.

Þá hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna varað við alvarlegum líkamlegum og andlegum áhrifum faraldursins á börn og hefur hvatt ríki til að grípa til aðgerða til að tryggja rétt barna til menntunar á tímum kórónuveirunnar. Hefur nefndin m.a. bent á að fjarnám komi ekki alfarið í stað staðnáms eða samskipta kennara við nemendur og að börn ættu að geta notið leiðsagnar frá kennurum en auk þess hefur nefndin áréttað félagslegt gildi menntunar.

Að mati umboðsmanns barna er því nauðsynlegt að ráðuneytið veiti skólum leiðbeiningar um stuðning af þeirra hálfu þegar barn lendir í sóttkví eða einangrun til að réttur barna til menntunar verði sem best tryggður. Auk þess kallar umboðsmaður barna eftir því að ráðuneytið veiti framhaldsskólum leiðbeiningar um leiðir til að styðja við nemendur sem ekki geta sinnt staðnámi vegna einangrunar eða sóttkvíar, svo sem með streymi úr kennslustofum. Þá er afar mikilvægt að fjarvistaskráningar barna í grunn- og framhaldsskólum séu samræmdar enda eru þær skráningar mikilvægt verkfæri sem nýtist skólum og stuðningsþjónustu sveitarfélaga í því verkefni að fylgjast með velferð barna og líðan þeirra. Samræmd og markviss skráning á skólasókn barna er lykilatriði í því að stjórnvöld geti staðið við skuldbindingar sínar um að tryggja rétt barna til menntunar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna